

► **B** FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1083

frá 14. maí 2020

um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 með því að ákvarða hæfis- og valviðmiðanir og aðferð við tilnefningu skráningarstofu höfuðléna .eu

(EES-viðbætur nr. 28, 15.4.2021, bls. 145)

Samsteyptur texti – einungis til skjalfestingar

Leiðrétt með:

► **C1** Leiðréttingar (2022/EOS/10/3)

EES-viðbætur nr. 16, 10.3.2022, bls. 14

► **C1 FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**
(ESB) 2020/1083

2021/EES/28/06

frá 14. maí 2020

um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 með því að ákvarða hæfis- og valviðmiðanir og aðferð við tilnefningu skráningarstofu höfuðléna .eu ◀ (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 frá 19. mars 2019 um að taka í notkun höfuðlénið .eu og hlutverk þess og um breytingu og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 733/2002 sem og niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með þessari reglugerð er að ákvarða hæfis- og valviðmiðanir og aðferð við tilnefningu skráningarstofu sem er falið skipulag, stjórnsýsla og stjórnun höfuðlénsins .eu (e. *.eu top-level domain*).
- 2) Velja ætti skráningarstofuna á grundvelli valaðferðar sem er opin, gagnsæ og án mismununar og stuðlar að réttlátu og samkeppnishæfu valferli. Í þessu skyni og til að fá eins marga hæfa umsækjendur og mögulegt er ætti að birta auglýsingu eftir vali á umsækjendum í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 3) Framkvæmdastjórnin ætti að skipuleggja valaðferð í tveimur áföngum til að tryggja gagnsæi ferilsins og skilvirka notkun mannauðs og fjármagns.
- 4) Í fyrsta áfanga valaðferðarinnar ætti framkvæmdastjórnin að sannprófa hæfi umsækjendanna til að tryggja að þeir uppfylli lágmarkskröfur, sem gerðar eru til skráningarstofunnar, eins og sett er fram í reglugerð (ESB) 2019/517.
- 5) Í öðrum áfanga aðferðarinnar ætti framkvæmdastjórnin að ákvarða hæfisröðun hæfra umsækjenda á grundvelli viðmiðana sem tryggja að skipulag, stjórnsýsla og stjórnun höfuðléna .eu uppfylli markmiðin um að styðja stafræna innri markaðinn, byggja upp evrópskt auðkenni á Netinu og hvetja til netnotkunar yfir landamæri. Til að tryggja að þau markmið séu uppfyllt ætti framkvæmdastjórnin að gefa þjónustugæðum, mannauði og tæknigetu, sem úthlutað er, ásamt fjárhagsstöðu umsækjenda viðeigandi vægi í valaðferðinni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 239, 24.7.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 25.

- 6) Til að tryggja viðeigandi og tímanlegt eftirlit með grunnstarfsemi skráningarstofunni ættu innviðirnir, sem eru nauðsynlegir til að annast slíka starfsemi, að vera staðsettir í Sambandinu. Þessir innviðir ættu m.a. að taka til nauðsynlegs hugbúnaðar, vélbúnaðar og annarrar aðstöðu sem er nauðsynleg fyrir skipulag, stjórnsýslu og stjórnun höfuðlensins .eu, s.s. gagnagrunns fyrir skráningargögn höfuðlensins .eu, gagnagrunns fyrir faggilta skráningaraðila höfuðlensins .eu, viðeigandi meginnetþjóns fyrir höfuðlénid .eu, gagnavörslu þriðja aðila fyrir svæðisskrár höfuðlensins .eu og skráningarupplýsinga um lénshæiti, opinbers leitarþjónustukerfis og vefseturs með uppfærðum stefnumiðum og skráningarupplýsingum um höfuðlénid .eu.
- 7) Til að tryggja viðeigandi stjórnun höfuðlensins .eu ætti í auglýsingu eftir vali á umsækjendum, sem framkvæmdastjórnin birtir á grundvelli valviðmiðana, að tilgreina lágmarkskröfur, sem umsækjendur eiga að uppfylla svo unnt sé að tilnefna þá sem skráningarstofu.
- 8) Til að tryggja gagnsæi aðferðarinnar ætti framkvæmdastjórnin að rökstyðja ákvarðanir sínar og senda rökstuðninginn til umsækjendanna.
- 9) Tilnefna ætti umsækjandann, sem raðast efst eftir hæfi á grundvelli flestra matsstiga, sem skráningarstofu. Ef samningur er ekki gerður við tilnefndu skráningarstofuna ætti framkvæmdastjórnin að geta tilnefnt þann umsækjanda sem raðast næstefst eftir hæfi sem skráningarstofu.
- 10) Til að tryggja réttláta og samkeppnishæfa aðferð til að velja skráningarstofuna, þar sem valinu verður að vera lokið eigi síðar en 12. október 2021 með undirritun sammingsins, ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð eru ákvarðaðar hæfis- og valviðmiðanir sem og aðferð við að tilnefna skráningarstofu höfuðlensins .eu í samræmi við meginreglurnar um viðsýni, gagnsæi og bann við mismunun.

2. gr.

Hæfisviðmiðanir

1. Skráningarstofan skal vera stofnun, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, og skal henni komið á fót í samræmi við lög aðildarríkis. Hún skal hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða höfuðstöðvar innan yfirráðasvæðis Sambandsins.
2. Innviðirnir, sem eru nauðsynlegir til að annast grunnstarfsemi skráningarstofunnar, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 5. gr., skulu staðsettir innan yfirráðasvæðis Sambandsins.
3. Í þeim tilvikum þar sem fyrirtækjasamtök eða hópur verktaka kemur á fót stofnun, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, skal hver eining, sem myndar hluta af slíkum samtökum eða hópi, hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða höfuðstöðvar innan yfirráðasvæðis Sambandsins.
4. Skráningarstofan skal sinna verkefnum sínum sem aðalverktaki. Undirverktakastarfsemi er aðeins heimiluð, ef nauðsyn krefur, vegna framkvæmdar verks og samkvæmt skriflegu fyrirframsamkomulagi við framkvæmdastjórnina.

3. gr.

Umsóknir

1. Í umsókninni skal tilgreina með skýrum hætti í hvaða aðildarríkjum stofnunin, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, er skráð og veita tæmandi upplýsingar um staðsetningu skráðu skrifstofunnar, yfirstjórnarinnar og höfuðstöðvanna.

2. Ef fyrirtækjasamtök eða hópur verktaka kemur á fót stofnun, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, skal í umsókninni tilgreina upplýsingar um mismunandi hlutverk og stöðu hvers aðila að fyrirtækjasamtökunum eða hópunum, þ.m.t. allar upplýsingarnar sem krafist er skv. 1. mgr. þessarar greinar.
3. Ef ein eða fleiri einingar, sem mynda hluta af fyrirtækjasamtökunum eða hópunum, eru reknar í hagnaðarskyni skal í umsókninni veita upplýsingar um ráðstafanirnar sem fyrirtækjasamtökin eða hópurinn skuldbindur sig til að gera til að tryggja fjárhaglegan og lögformlegan aðskilnað milli starfsemi, sem rekin er í hagnaðarskyni, og starfsemi skráningarstofunnar.
4. Í umsókninni skal vera lýsing á innra skipulagi stofnunarinnar, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, og henni skulu fylgja öll þau skjöl sem krafist er í auglýsingu skráningarstofunnar eftir vali á umsækjendum.

4. gr.

Gæði þjónustu

1. Skráningarstofan skal leitast við að byggja upp sérfræðipækkingu á sviði rekstrar og tryggja þjónustu af miklum gæðum á samkeppnishæfu verði. Framkvæmdastjórnin skal meta getu hæfra umsækjenda til að veita tilskilin þjónustugæði. Vægi þessarar viðmiðunar skal vera 40% af heildarstigafjölda mats.
2. Umsækjendur skulu veita upplýsingar um reynslu sína á sviðum sem varða skipulag, stjórnsýslu og stjórnun lénshéita.
3. Umsækjendur skulu lýsa því hvernig þeir hyggjast stjórna höfuðléninu .eu til að tryggja að veitt sé þjónusta af miklum gæðum, að teknu tilliti til lágmarkskrafna um virkni og afkastagetu þjónustu skráningarstofu fyrir landshöfuðlén (e. *country code top-level domains*) sem netfyrirtæki um úthlutuð heiti og númer (ICANN-netfyrirtæki) mælir fyrir um.
4. Umsækjendur skulu lýsa því hvaða ráðstafanir þeir hyggjast gera til að tryggja hátt öryggisstig og tiltrú á höfuðléninu .eu.

5. gr.

Mannauður og tæknigeta

1. Framkvæmdastjórnin skal meta mannaúð og tæknigetu hjá umsækjandanum. Vægi þessarar viðmiðunar skal vera 30% af heildarstigafjölda mats.
2. Umsækjendur skulu veita upplýsingar um mannaúð sinn og tæknigetu og lýsa hvernig hún sé fullnægjandi til að framkvæma eftirfarandi verkefni:
 - a) að annast skipulag, stjórnsýslu og stjórnun höfuðlénins .eu, þ.m.t. viðhald samsvarandi gagnagrunna og tengdrar opinberrar leitarþjónustu, skráningu lénshéita, rekstur skráningarstofu lénshéita, rekstur netþjóna skráningarstofu höfuðlénis og gerð og stjórnun svæðisskráa höfuðlénis,
 - b) að tryggja mikil gæði, gagnsæi, öryggi, stöðugleika, fyrirsjáanleika, áreiðanleika, aðgengileika, skilvirkni, bann við mismunun, sanngjörn samkeppnisskilyrði og neytendavernd við veitingu þjónustu sinnar.
3. Umsækjendur skulu lýsa í umsókn sinni þeirri gerð skipulags, stjórnsýslu og stjórnunar sem þeir hyggjast koma á til að annast verkefni sem um getur í 2. mgr., þ.m.t. eftirfarandi:
 - a) mannaúður og nauðsynleg kerfi,
 - b) hugbúnaður og vélbúnaður,
 - c) nauðsynleg aðstaða fyrir rekstur og stjórnun höfuðlénins .eu.

4. Umsækjendur skulu lýsa því að hvaða marki úrræði þeirra, þ.m.t. geta á sviði mannauðs og tækni, séu fullnægjandi til að geta annast verkefni skráningaraðila ef framkvæmdastjórnin fer þess á leit að slík verkefni séu framkvæmd til að uppfylla tiltekin stefnumarkmið. Umsækjandinn skal einnig veita upplýsingar um hvernig úthlutun slíkra úrræða til að framkvæma verkefni skráningaraðilans uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/517.

5. Umsækjendur skulu upplýsa hvernig þeir áætla að koma á heildstæðu skipulags- og rekstrarfyrirkomulagi svo þeir geti hafið starfsemi sína sem skráningarstofa frá 13. október 2022.

6. gr.

Fjárhagsstaða og reglufylgni

1. Framkvæmdastjórnin skal meta fjárhagsstöðu hæfra umsækjenda. Vægi þessarar viðmiðunar skal vera 30% af heildarstigafjölda mats.

2. Umsækjendur skulu:

- a) sýna fram á fjárhagslegt öryggi og fjármagnsstöðugleika sem er fullnægjandi til að framkvæma verkefni skráningarstofunnar,
- b) veita heildarupplýsingar um fyrirsjáanlegan kostnað og eiginfjárkröfur í tengslum við skipulag, stjórnsýslu og stjórnun höfuðlensins .eu, tiltækileika fjármagns og trygginga ásamt tekjulíkani, þ.m.t. verðlagningarlíkan, viðeigandi markaðs-greiningu, markaðsáætlun og um ráðstafanir sem gerðar eru ef truflun verður á starfsemi skráningarstofunnar,
- c) lýsa því hvernig þeir munu beita meginreglum um trausta fjármálastjórnun,
- d) veita upplýsingar um gjöldin sem þeir ætla að leggja á og lýsa því hvernig fjárhæðir gjaldanna eru ákvarðaðar á grundvelli þess kostnaðar sem stofnað er til.

3. Umsækjendur skulu veita upplýsingar um hvaða ytri úttektir þeir muni framkvæma til að sýna fram á að farið sé að reglugerð (ESB) 2019/517.

7. gr.

Valaðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja valaðferð, sem er opin, gagnsæ og án mismununar, til að velja skráningarstofuna. Auglýsing eftir vali á umsækjendum skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Umsækjendur skulu hafa a.m.k. 30 virka daga til að senda inn umsóknir sínar.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leita ráða og aðstoðar hjá utanaðkomandi sérfræðingum til að greina og/eða meta umsóknirnar. Velja skal slíka utanaðkomandi sérfræðinga á grundvelli sérfræðikunnáttu þeirra, óhæðis og óhlutdrægni.

8. gr.

Fyrsti áfangi valsins – sannprófun hæfis

1. Umsækjendur skulu senda umsóknir sínar til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við fyrirmæli sem sett eru fram í auglýsingunni eftir vali á umsækjendum.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fara þess á leit við umsækjendur að þeir veiti viðbótarupplýsingar um að hæfisviðmiðanir séu uppfylltar innan tiltekins tímaramma. Framkvæmdastjórnin skal meta sem hluta af sannprófun hæfis:

- a) hvort umsóknin hafi verið lögð fram innan þess frests sem ákvarðaður var í auglýsingunni eftir vali á umsækjendum,
- b) hvort kröfurnar, sem kveðið er á um í 2. og 3. gr., hafi verið uppfylltar,
- c) hvort umsóknin sé fullgerð og hvort, eftir atvikum, umsækjandinn hafi veitt viðbótarupplýsingarnar sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir skv. 2. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða hæfi umsækjendanna innan 40 virkra daga frá skilafrest umsóknarinnar. Ef framkvæmdastjórnin telur að umsækjandi uppfylli ekki hæfisviðmiðanir skal hún rökstyðja ákvörðun sína. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna þeim umsækjanda tafarlaust um slíka ákvörðun.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá yfir hæfa umsækjendur.

9. gr.

Annar áfangi valsins – hæfisröðun og tilnefning skráningarstofunnar

1. Innan 80 virkra daga frá birtingu skrárinnar yfir hæfa umsækjendur skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli valviðmiðananna, hæfisaða þeim umsækjendum sem hafa uppfyllt lágmarkskröfur um stigafjölda mats sem tilgreindar eru í auglýsingunni eftir vali á umsækjendum.

2. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa hæfu umsækjendurna um endanlega hæfisröðun.

3. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna umsækjandann, sem raðast efst eftir hæfi, sem skráningarstofu. Framkvæmdastjórnin skal birta ákvörðunina um tilnefningu skráningarstofunnar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr.

Tilnefning skráningarstofunnar ef samningur er ekki gerður

Ef samningaviðræðum milli tilnefndu skráningarstofunnar og framkvæmdastjórnarinnar er slitið án þess að samningar náist skal framkvæmdastjórnin tilnefna næsthæfasta umsækjandann sem skráningarstofuna. Ef þetta er ekki mögulegt skal framkvæmdastjórnin skipuleggja nýja aðferð við val á skráningarstofu.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
